

439. fundur velferðarnefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 16. maí 2019 og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Tinna Hrund Hlynisdóttir formaður, Þórir Guðmundsson varaformaður, Hulda María Guðjónsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bjarni Pétur Marel Jónasson, Bragi Rúnar Axelsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Sólveig Guðnadóttir og Auður Helga Ólafsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Sædís María Jónatansdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu og Alberta G Guðbjartsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði.

Fundargerð ritaði: Sædís María Jónatansdóttir, deildarstjóri í félagsþjónustu.

Dagskrá:

1. Niðurstöður á högum og líðan barna í Ísafjarðarbæ 2019 - 2019050006

Lagðar fram niðurstöður rannsóknarinnar Ungt fólk 2019, sem Rannsóknir og greining ehf. gerði á högum og líðan barna í Ísafjarðarbæ.

Margrét Halldórsdóttir sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs kom og kynnti niðurstöðurnar.

Margrét fór af fundi eftir kynninguna.

Alberta G. Guðbjartsdóttir kom til fundarins.

2. Trúnaðarmál. - 2011090094

Eitt trúnaðarmál kynnt í velferðarnefnd.

Trúnaðarmálið afgreitt og fært til bókar í trúnaðarmálabók velferðarnefndar.

3. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 30. apríl sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um skráningu einstaklinga, 772. mál. Umsagnarfrestur er til 14. maí nk.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1060. fundi sínum 6. maí sl. og vísaði til velferðarnefndar til umsagnar.

Lagt fram til kynningar.

4. Bæklingar og annað fræðsluefni á heimasíðu Kvennaathvarfsins. - 2019050045

Lagt fram bréf frá Sigprúði Guðmundsdóttur, dags. 17. apríl 2019, þar sem kynnrir eru bæklingar og fræðsluefni á heimasíðu Kvennaathvarfsins. Sérstaklega er vakin athygli á teiknimyndinni Tölum um ofbeldi.

Lagt fram til kynningar.

5. Velferðarnefnd heimsækir stofnanir sem heyra undir nefndina. - 2019040025

Heimsókn á Hlíf.

Velferðarnefnd þakkar forstöðumanni á Hlíf fyrir að taka á móti nefndinni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:10

Tinna Hrund Hlynsdóttir

Þórir Guðmundsson

Bjarni Pétur Marel Jónasson

Sólveig Guðnadóttir

Auður Helga Ólafsdóttir

Sædís María Jónatansdóttir

Alberta G Guðbjartsdóttir